

Sálfræðilegt mat I

E-701-SAM1



Ár: 1. ár

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda.

Undanfarar: Engir.

Kennari: Magnús Blöndahl Sighvatsson.

Lýsing: Í námskeiðinu er fjallað um sálfræðilegt mat geðraskana og greindarmat hjá fullorðnum og birtingu niðurstaðna í skýrsluskrifum. Í þeim tilgangi er farið yfir kenningar í sálmælingum; hver grunnatriði sálfræðilegs mats eru og hvernig það er framkvæmt; hvernig upplýsingar úr mörgum áttum eru sambættar í sálfræðilegu mati; hvernig þau tvö greiningarkerfi (DSM-V og ICD-10) sem til eru, eru notuð í sálfræðilegu mati; hvernig skal umgangast sálfræðileg próf í daglegu starfi. Nánar tiltekið er fjallað um hvernig sálfræðilegt mat fer fram á fullorðnum einstaklingum; farið er yfir grunnatriði sálfræðilegra prófa (áreiðanleika, réttmæti, gerð, þróun, notkun og túlkun prófa) og hvernig nemendur geta nýtt sér þessi grunnatriði við gerð sálfræðilegs mats; farið er yfir greindarpróf, greiningarviðtöl geðrænum vanda, sjálfsmatskvarða fyrir lyndis – og kvíðaraskanir og mismunagreiningu geðrænum vanda. Að lokum er farið yfir framsetningu niðurstaðna í skýrsluskrifum. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur kynnist þeim sálfræðiprófum sem hafa verið þýdd, aðlöguð eða þróuð á Íslandi til notkunar í mati geðrænum vanda fullorðinna og greindarmati. Jafnframt er lögð rík áhersla á að tengja sálfræðilegt mat við meðferð geðraskana og gagnsemi sálfræðilegs mats í meðferð rædd. Nemendur fá verklega kennslu í fyrirlögn, úrvinnslu og túlkun valdra mælitækja sem notuð eru á Íslandi, kosti þeirra og galla.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

- Sýnt fram á þekkingu á kenningum og framkvæmd sálmælinga.
- Sýnt fram á þekkingu á eiginleikum margvíslegra verkfæra fyrir sálfræðilegt mat.
- Sýnt fram á færni í framkvæmd og túlkun algengra sálfræðilegra prófa sem notuð eru til sálfræðilegs mats.
- Sýnt fram á þekkingu á íslenskum verkfærum til sálmælinga og á þjónustu á sviði sálfræðilegs mats á Íslandi.

Námsmat: Námsmat er þrjúþætt, skrifleg próf, verkefni og verklegt próf.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 3